

VILJAYFIRLÝSING
milli Kópavogsbæjar og Skóla Ísaks Jónssonar ses. vegna undirbúnings og
rekstrar samrekins leik- og grunnskóla í Vatnsendahvarfi.

1. gr. Aðilar

Kópavogsbær, kt. 700169-1339, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi (hér eftir nefndur „Kópavogsbær“) og Skóli Ísaks Jónssonar ses, kt. 600269-4889, Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „rekstraraðili“) (Hér eftir sameiginlega nefnd „aðilar“).

2. gr. Aðdragandi og markmið

Kópavogsbær vinnur nú að skipulagi og uppbyggingu nýs hverfis í Vatnsendahvarfi. Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir byggingu samrekins leik- og grunnskóla í hverfinu fyrir leikskólabörn og nemendur í 1.–4. bekk. Áætlað er, samkvæmt núverandi forsendum, að kennsla geti hafist að hluta til á árinu 2029 og gert er ráð fyrir stigvaxandi uppbyggingu skólans. Þá er gengið út frá því að ekki verði innheimt skólagjöld í hinum nýja skóla og að framlag Kópavogsbæjar taki mið af því fyrirkomulagi.

Það er sameiginlegur vilji aðila að stefna að gerð formlegs þjónustusamnings um að rekstraraðili taki að sér rekstur þessa samrekna leik- og grunnskóla. Aðilar telja vænlegan grundvöll til að halda áfram samtali og undirbúningi með það að markmiði að ganga frá þjónustusamningi sem uppfyllir skilyrði laga nr. 91/2008 um grunnskóla og laga nr. 90/2008 um leikskóla.

3. gr. Hönnun og skipulag skólahúsnæðis á undirbúningsstigi

Kópavogsbær mun leggja til og vera eigandi að skólahúsnæðinu sem og þeim búnaði sem bærinn leggur til, en reiknað húsnæðisframlag mun koma á móti reiknaðri leigu. Til að tryggja að skólahúsnæðið nýtist sem best í fyrirhuguðum rekstri og mæti þeim faglegu kröfum sem gerðar eru til starfseminnar, er það vilji aðila að rekstraraðili komi að skipulagi og hönnun skólans á undirbúningsstigi. Mun rekstraraðili eiga þess kost að hafa áhrif í viðræðum um hönnun, rýmisþörf og innra skipulag húsnæðisins á byggingartíma, í samráði við hönnuði og verkefnastjóra Kópavogsbæjar.

4. gr. Lagagrundvöllur og forsendur þjónustusamnings

Viðræður aðila um endanlegan þjónustusamning skulu taka mið af eftirfarandi lagalegum forsendum:

- **Grunnskólastig:** Gerður verði þjónustusamningur í samræmi við 43. gr. a. laga um grunnskóla. Aðilum er kunnugt um að slíkur samningur felur í sér skuldbindingu Kópavogsbæjar um eftirlit með starfinu og staðfestingu á rétti til fjárframlaga. Skólastarf á grunnskólastigi getur ekki hafist fyrr en staðfesting ráðuneytisins (nú Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu) liggur fyrir.
- **Leikskólastig:** Kópavogsbær mun veita rekstraraðila rekstrarleyfi fyrir leikskólahluta starfseminnar í samræmi við 25. gr. laga um leikskóla, að því tilskildu að öllum lögmæltum skilyrðum og reglum sveitarfélagsins um veitingu slíkra leyfa sé fullnægt.



- **Samrekstur:** Heimild til samreksturs skólastiganna undir stjórn eins skólastjóra verður aflað að fenginni umsögn menntaráðs, sbr. 45. gr. grunnskólalaga og 28. gr. leikskólalaga.

Þjónustusamningurinn mun einnig mæla nánar fyrir um fyrirkomulag fjárframlaga, skólaþjónustu og sérkennslu, réttinda nemenda, sem og takmarkanir á framsali samningsins.

5. gr. Lagaleg staða viljayfirlýsingarinnar

Viljayfirlýsing þessi er ekki lögformlega bindandi samningur um rekstur eða fjárskuldbindingar milli aðila, heldur lýsing á ásetningi þeirra til að hefja formlegar viðræður og samstarf um ofangreint verkefni af heilindum.

Hvorugur aðili getur haft uppi skaðabótakröfur eða krafist efnda á grundvelli þessarar viljayfirlýsingar komi til þess að ekki takist að landa endanlegum þjónustusamningi milli aðila, eða ef tafir verða á byggingu húsnæðis.

6. gr. Kostnaður og trúnaður

Hvor aðili um sig ber sinn eigin kostnað sem hlýst af þátttöku í viðræðum, hönnunarsamráði og gerð endanlegs þjónustusamnings. Aðilar skulu gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar varðandi viðskiptahagsmuni eða rekstrarlíkön sem þeir kunna að skiptast á í undirbúningsferlinu.

7. gr. Gildistími

Viljayfirlýsing þessi öðlast gildi við undirritun beggja aðila. Hún fellur úr gildi þegar formlegur þjónustusamningur hefur verið undirritaður og staðfestur, eða ef annar hvor aðilinn tilkynnir hinum skriflega að hann hyggist ekki halda viðræðum áfram.

Þessu til staðfestingar er viljayfirlýsing þessi undirrituð með rafrænum hætti af þar til bærum aðilum.

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Skóla Ísaks Jónssonar ses.

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

Páll Harðarson
Stjórnarformaður

